

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/782**  
**komudagur 13.12.2011**

Reykjavík, 13. desember 2011.

Nefndasvið Alþingis.

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgengi að hverasvæðinu við Geysi.**

Eigendur jarðanna Haukadals 2, Kristín Sigurðardóttir, Haukadals 3, Þórir Sigurðsson, Haukadals 4, Már Sigurðsson, Suðurgafli, Bjarni Sigurðsson, og Tortu, Minningarsjóður Ársæls Jónassonar, Pétur Guðfinnsson, Vigdís Guðfinnsdóttir, Margrét Pálsdóttir og Gunnlaugur Pálsson, hafa falið undirrituðum að koma á framfæri athugasemdum við tillögu til þingsályktunar um aðgengi að hverasvæðinu við Geysi.

Hverasvæðið í Haukadali er í óskiptri sameign og eru eignarhlutföllin þessi: Haukadali 2 14,465%, Haukadali 3 14,465%, Haukadali 4, 14,465%, Suðurgafi 14,465%, Torta 16,85% og Laugar 25,28% sem er í eigu ríkisins. Umbjóðendur mínir eru því eigendur 74,72% hverasvæðisins og skiptir meðferð þess og framtíðarnýting þá miklu.

Þingsályktunartillagan kveður á um að Alþingi álykti að fela innanríkisráðherra og umhverfisráðherra að sjá nú þegar til þess að umbætur á aðgengi ferðamanna að hverasvæði Geysis verði bætt og göng fyrir fótgangandi gerð þar undir þjóðveginn frá bílastæðum.


Umbjóðendur mínir lýsa yfir ánægju með þann áhuga sem flutningsmenn tillögunnar sýna Geysissvæðinu en þingsályktunartillagan virðist gera ráð fyrir að meirihlutaeigendur Geysissvæðisins verði ekki hafðir með ráðum varðandi þær framkvæmdir sem tillagan fjallar um. Nú fyrir skemmstu var kynnt tillaga verkefnahóps 2. áfanga rammaáætlunar um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Verkefnahópurinn hefur lagt til að Geysissvæðið falli í svokallaðan verndarflokk og er sú tillaga gerð án samráðs eða viðræðna við umbjóðendur mína. Þeir hafa því gert athugasemdir við þessa tillögu verkefnahópsins, bæði hvað varðar form og efni. Að sama skapi er þeirri athugasemd nú komið á framfæri að Geysissvæðið er eins og áður er fram komið í sameign nokkurra aðila og er því rétt að Alþingi ályktaði að fela nefndum ráðherrum að vinna að bættu aðgengi ferðamanna að Geysissvæðinu í samvinnu við meðeigendur ríkisins.

Umbjóðendur mínir hafa ríka hagsmuni af komu ferðamanna og allir vilja þeir stuðla að frekari uppbyggingu á svæðinu. Þeir hafa því um nokkurn tíma haft til skoðunar að stofna rekstrarfélag um Geysissvæðið, sem hefði þann tilgang að byggja upp og reka svæðið innan girðingar og þjóna betur þeim ferðamönnum sem heimsækja svæðið. Yrði það gert með því að gera það aðgengilegra og um leið hættuminna og veita leiðsögn og fræðslu um svæðið. Nauðsynlegt er að ríkið taki þátt í stofnun og rekstri félagsins.

Oddviti Bláskógabyggðar hefur í þessum mánuði ritað forsætisráðherra bréf með ósk um að valdhafar tilnefni fyrir hönd ríkisins aðila sem bæri ábyrgð á Geysi og fengi vald til að fara með eignarhlut ríkisins á svæðinu. Í bréfinu rekur oddvitinn samskipti sín við ráðherra og embættismenn sem engu hefur skilað og býðst til að aðstoða við að koma málum áfram. Oddvitinn minnir á eigendur sem hafa búið með Geysissvæðinu allt sitt líf, hafa annast og elskað staðinn og vilja honum allt hið besta.

Umbjóðendur fagna eins og áður er fram komið áhuga þingmanna á Geysissvæðinu en ítreka að frágangur og uppbygging svæðisins er samvinnuverkefni allra eigenda.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Hjörleifur B. Kvaran'. The signature is fluid and cursive, with a large initial 'H'.

Hjörleifur B. Kvaran, hrl.